



Námsmat - Matsviðmið

Námsmat skólans er nú í þróun í samræmi við nýja aðalnámskrá. Námsmatið greinist nú í tvennt. Annars vegar mat á lykilhæfni og hins vegar mat á námshæfni. Gefið verður í bókstöfum í öllum greinum.

Matstákn

- A** Til fyrirmyndar
- B+** Mjög gott
- B** Gott
- C+** Viðunandi
- C** Þarfnast úrbóta
- D** Þarfnast verulegra úrbóta

Lykilhæfni: tjáning og miðlun, skapandi hugsun og áræðni, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga, metnaður, ábyrgð og mat á eigin námi og samskipti og virðing. *Lykilhæfni* verður metin út frá gátlistum.

Námshæfni: þekking á viðfangsefnum og leikni við beitingu hennar þ.e. að nemandi skilji þær aðferðir sem kenndar eru og geti notað þær við eigin vinnu. Skilningur á aðferðum og hugtökum er metinn með gátlistum og samtali við nemandann. *Námshæfni* er einnig metin með könnunum og símati.

Námsstaða:

- Hér getur kennari valið að gefa einkunnir úr verkefnabók í Mentor.
- Hvernig stendur nemandi sig í könnunum?

Matstákn	Viðmið
A Til fyrirmyndar	97-100%
B+ Mjög gott	85-95%
B Gott	65-84%
C+ Viðunandi	55-64%
C Þarfnast úrbóta	41-54%
D Þarfnast verulegra úrbóta	Minna en 40%



Vinnuframlag:

- Nemandi vandar frágang
- Nemandi fylgist vel með í tímum
- Nemandinn vinnur þau verkefni sem lögð eru fyrir
- Nemandi skilar verkefnum á tilsettum tíma
- Nemandi sinnir heimaþjálfun

Matstákn	Viðmið
A Til fyrirmyndar	Nemandi uppfyllir alltaf alla þætti hér að ofan
B+ Mjög gott	Nemandinn hefur náð að fullu námsþáttum B en ekki öllum í A
B Gott	Nemandi uppfyllir minnst þrjá þætti hér að ofan
C+ Viðunandi	Nemandinn hefur náð að fullu námsþáttum C en ekki öllum í B
C Þarfnast úrbóta	Nemandinn uppfyllir einn þátt hér að ofan
D Þarfnast verulegra úrbóta	Nemandi uppfyllir enga þætti hér að ofan

Samskipti:

- Nemandi kemur vel fram við samnemendur og starfsfólk
- Nemandi er jákvæður
- Nemandi sýnir öðrum virðingu og tillitsemi
- Nemandi getur gagnrýnt á réttmætan hátt og tekið gagnrýni frá öðrum
- Nemandi sinnir hlutverki sínu og virðir eigur sínar og annarra

Matstákn	Viðmið
A Til fyrirmyndar	Nemandi uppfyllir alltaf alla þætti hér að ofan
B+ Mjög gott	Nemandinn hefur náð að fullu námsþáttum B en ekki öllum í A
B Gott	Nemandi uppfyllir minnst þrjá þætti hér að ofan
C+ Viðunandi	Nemandinn hefur náð að fullu námsþáttum C en ekki öllum í B
C Þarfnast úrbóta	Nemandinn uppfyllir einn þátt hér að ofan
D Þarfnast verulegra úrbóta	Nemandi uppfyllir enga þætti hér að ofan



Frumkvæði:

- Nemandi sýnir ábyrgð og sjálfstæði
- Nemandi spyr og velur eigin leiðir í námi sínu
- Nemandi leitar að nýjum hugmyndum og tækifærum til náms
- Nemandi nýtir mismunandi miðla til náms og upplýsingaöflunar
- Nemandi hefur skoðun á námi sínu og skólstarfinu og kemur hugmyndum á framfæri

Matstákn	Viðmið
A Til fyrirmyndar	Nemandi uppfyllir alltaf alla þætti hér að ofan
B+ Mjög gott	Nemandinn hefur náð að fullu námsþáttum B en ekki öllum í A
B Gott	Nemandi uppfyllir minnst þrjá þætti hér að ofan
C+ Viðunandi	Nemandinn hefur náð að fullu námsþáttum C en ekki öllum í B
C Þarfnast úrbóta	Nemandinn uppfyllir einn þátt hér að ofan
D Þarfnast verulegra úrbóta	Nemandi uppfyllir enga þætti hér að ofan